

Herjólfur bætir við ferð í sumar: Kjarasamningum áhafnar sagt upp

— því þeir
gera ekki
ráð fyrir
vaktavinnu

■ Hefði auglýstri sumaráætlun Herjólfis ekki verið breytt daginn áður en hún skyldi taka gildi í vor, hefðu mánaðarlaun skipstjórans og 1. stýrimanns orðið um 160-166 þús. krónur á mánuði — eða „tvöföld fastalaun ríkisbankastjóra, nær hálf árið“, eins og Guðlaugur Gíslason, fyrrv. alþingismaður bendir á í grein í Dagskrá í Vestmannaeyjum, þar sem hann útskýrir hvers vegna hætt hafi verið við sumaráætlun sem gerði ráð fyrir 3 aukaförum í viku. Hann benti jafnframt á að búast mætti við að Samgöngunefnd Alþingis hefði hætt að taka að fullu til greina gögn og greinargerðir vardandi rekstur skipsins, þegar hinn árlegi ríkisstyrkur til úrgerðar þess er ákveðinn, ef nefndinni hefði orðið ljóst um hverjar launagreiðslur væri að ræða á skipinu. Eins og er segir Guðlaugur áhöfn Herjólfis vera einhverja best launuðu áhöfn á íslensku farskipi.

Samkvæmi framansögðu hefðu laun 1. stýrimanns og 2. vélstjóra orðið rúm 135 þús. á mánuði, 2. stýrimanns og 3.

vélstjóra rúm 120 þús., bátsmanns tæp 109 þús., bryta um 99 þús. og háseta tæp 95 þús. krórur á mánuði. Laun þernanna hefðu verið frá tæplega 77 þús. og upp í tæp 90 þús. krónur á mánuði.

Aukaförum fyrrenefndu var því fækkað niður í eina. Nú hefur þó aftur verið ákveðið að bæta við annarri aukaför, á sunnudögum, á tímabilinu 30. júní til 18. ágúst — kl. 18.00 frá Vestmannaeyjum og kl. 22.00 úr Þorlákshöfn.

Stjórn Herjólfis hafði við ákvörðun aukaföranna haft í huga að koma á vaktaskiptum á skipinu eins og almennt gerist á farskipum, enda er fjöldi áhöfn sá sami og á millilandaskipum af sömu stærð. Stjórnarmenn höfðu hins vegar ekki áttátt sig á, að samkvæmt þeim samningum sem gerðir voru við áhöfnina við komu skipsins fyrir um 8 árum er gert ráð fyrir að áhöfnin fái greitt næturvinnu-kaup fyrir allar ferðir skipsins umfram eina á dag, og það gildir enn. Og það sem meira er, að á sunnudögum er áhöfnin á næturvinnu kaupi frá kl. 8.00 að morgni

þó svo að ferðir skipsins hefust ekki fyrir en kl. 14.00 til 16.00 um eftirmiðdaginn.

Að sögn Guðmundar Karlssonar, stjórnarformanns Herjólfis, hefur kjarasamningurinn við áhöfnina nú verið sagt upp og kemur sú uppsögn til framkvæmda í haust. Vonast hann til að næsta sumar verði hægt — með nýjum samningum — að sigla skipinu eins og þörf krefur og þá með eðlilegum vaktaskiptum áhafnarinnar.

Hvað stærð áhafnar snertir sagði Guðmundur kjarasamninga alfarið segja til um fjölda yfirmanna miðað við skip af þessari stærð og þá stærð af vél sem í því er. Ekkert tillit er þar tekið til þess hvort skipið sigli einungis á venjulegum „skrifstofutíma“ (um 7.30 að morgni til 16.30 síðdegis) eða sé á sólarhringsiglingu á milli landa og þá með dæmigerðum vaktaskiptum. Engir sérstakir ferjusaðningar séu til hér á landi og afskaplega erfitt hafi verið að fá umræðu um slíka samninga til þessa.

Konan í list Ásmundar

■ Konan í list Ásmundar Sveinssonar er viðfangsefni á sýningu í Ásmundarsafni sem hófst í byrjun júní sl. Myndefnið á sýningunni birtist í fjölbreytilegum útfærslum en sýningin skiptist í: kona og barn, kona og karl, kona við vinnu og kona sem tákni. Þetta myndefni nær yfir mest allan listferil Ásmundar.

Ásmundarsafn verður opið alla daga í sumar en aðeins þriðjudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga í vetur og þá frá tvö til fimm. Í vetur verða unnin sérstök skólaverkefni fyrir grunnskólanemendur sem heimsækja þá safnið.

Að sögn eins starfsmanns Ásmundarsafns er aðsókn að sýningum þar ávallt best fyrstu dagana sem sýningin stendur yfir. Útlendingar munu þó vera duglegir við að heimsækja safnið, sérstaklega á vegum ferðaskrifstofa.

Í tilefni sýningarinnar hafa verið gefnar út 36 litskyggjur sem sýna yfirlit yfir listferil listamannsins. Litskyggjunum fylgir bók sem fjallar um ævi og list Ásmundar. Þetta geta Íslendingar jafnt sem útlendingar keypt.



■ Starfsfólk Málningar hf. með dós af Steinvara 2000. Talið frá vinstri: Jón Bjarnason, efnaverkfræðingur, Óskar Mariússon, efnaverkfræðingur og tæknilegur framkvæmdastjóri, Ásta Guðmundsdóttir, efnaverkfræðingur, Valdimar Bergstað, stjórnarformaður, Stefán Guðjohnsen, viðskiptalegur framkvæmdastjóri.

NT-mynd: Sverrir

Ný málning á markaðinn: Lok alkalískemmda?

■ Langþráð lausn á alkalískemmdum í steinsteypu gæti verið komin með nýrri málningu sem Málning h f. hefur búið til.

Steinvari 2000 er vatnsheld sem tjara en hleypir samt raka í gegnum sig rúmlega tvöfalt betur en hefðbundin plastmálning, að sögn Óskars Mariússonar hjá fyrirtækinu. Með því að halda vatni frá steypu er hægt að fyrirbyggja alkalískemmdir og einnig er mögulegt að stöðva þær sem hafa komið upp.

„Steinvari ver líka gegn öðrum skemmdum af völdum vatns eins og frost-þiðu skemmdum, tæringu vegna súrs regns og karbónatísingru,“ sagði Óskar. „Væri tilvalið að selja

hana erlendis þar sem svona skemmdir gerast.“

Aðilar í Danmörku hafa áætlað að flytja Steinvara inn, að sögn Óskars. Hefur Málning hf. fengið einkaleyfi á framleiðsluáferðinni þar í landi, en einungis 3% þeirra sem sækja um þess háttar leyfi hljóta þau.


Nýja málningin mun verða rúmlega tvöfalt dýrari en algengar tegundir sem eru hér á markaðnum. En á móti kemur að tvær umferðir af Steinvara duga, samanborið við þrjár af hinum.

Steinvari var búinn til á rannsóknarstofu Málningar hf. en þar vinna m.a. þrjár efnaverkfræðingar. Höfundur rannsóknir sem leiddu til tilbúnings Steinvara árið 1983.



■ Kvinnaskólanum í Reykjavík var slitið í 111. sinn þann 31. maí. Voru þá útskrifaðir 37 stúdentar, en áður höfðu 29 verið útskrifaðir í janúar s.l. Verðlaun fyrir bestan heildarárangur á vorönn fékk Guðrún Bjarnadóttir frá Reykjum í Hrutafirði. Í skólanum var starfrækt uppeldissvið með tveim tveggja ára brautum, fósturbraut og íþróttabraut, og menntabraut til stúdentsprófs.


SUMAR- TILBOÐ SKELJUNGS




Autostar áklæðin eru einlit, teygjanleg, úr 100% polyakryllefni. Fást í 5 litum og passa á flest sæti.
Verð kr. 1.695.-
Áður kr. 2.415.-




Britax bílbelti fyrir börnin. Sérhannað, stillanlegt, öruggt og þægilegt fyrir krakka á aldrinum 4-11 ára.
Verð kr. 1.329.-
Áður kr. 1.709.-



5 lítra eldsneytisbrúsi úr plasti með sérlega þægilegum stúti til að hella á (tóman) tankinn.
Verð kr. 187.-
Áður kr. 267.-



Ultraflame sprittöflurnar eru tilvaldar í útigriplið og í arininn. 64 töflur í pakka.
Verð kr. 25.-
Áður kr. 90.-



Blue Poly gljáhjúpurinn er bön- og hreinsiefni sem gengur í samband við bílinn og ver hann gegn óhreinindum.
Verð kr. 150.-
Áður kr. 198.-

TILBOÐIÐ GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



BENSÍNSTÖÐVAR SKELJUNGS